

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi skíðasvæðis í Hlíðarfjalli.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 15. apríl 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæði í Hlíðarfjalli.

Breytingin felur í sér að skipulagssvæðið stækkar um 5 ha til austurs neðan Skíðastaða. Bætt er við nýrri lóð fyrir sleðabraut frá bilastæði austan Skíðastaða og niður hlíðina til austurs. Lóð skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli minnkar um 2,8 ha og lóð sunnan Hesjuvallalands um 2,8 ha. Innan nýju lóðarinnar er heimilt að reisa allt að 1.100 metra langa sleðabraut með um 660 metra langri lyftu ásamt þjónustuhúsi fyrir vélbúnað og lítilli byggingu fyrir miðasölu við efri endastöð sleðabrautarinnar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 2. júlí 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 16. júlí 2025